ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR **2021/EES/62/40**
nr. 261/2018

frá 5. desember 2018

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/255 frá 19. febrúar 2018 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 að því er varðar hagskýrslur sem eru byggðar á evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (EHIS) ([1]).

2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 18z6 (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/359) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18z7. **32018 R 0255**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/255 frá 19. febrúar 2018 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 að því er varðar hagskýrslur sem eru byggðar á evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (EHIS) (Stjtíð. ESB L 48, 21.2.2018, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/255, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 48, 21.2.2018, bls. 12.
([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.